



Strætóvegur um Stjörnugróf

ONE2109382 / BG

Fyrirspurn strætó bs

Dags. 15.06.2023

Umsögn skipulagsdeildar

1) Forsendur

Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 staðfest 28.12.21 gerir ráð fyrir íbúðarbyggð.

Deiliskipulag Fossvogsdals – austurhluti, staðfest 14.05.96 með breytingu „Fossvogsbúrún 2a“ samþykkt 15.01.18

2) Ferill máls

Lögð fram og kynnt fyrirspurn Strætó bs, dags 17. apríl 2023. Breytingin felur í sér að koma á fót veltengingu einungis ætluðum Strætó, sem myndi tengja á milli Fossvogsbúrúnar og Stjörnugrófar í tengslum við breytingar á heildarleiðarkerfi Strætó á höfuðborgarsvæðinu. Vísað til umsagnar skipulagsdeildar og óskað eftir að spurningum er svarað um 1. Hversu mikil bót er þetta fyrir farþega í Kópavogi (t.d Smiðjuhverfi og Kjarrhólmi) og 2. Hvaða áhrif munu breytingar í götunni við Fossvogsbúrún hafa ásamt breyttu fyrirkomulagi bílastæða við botn götunnar.

3) Umsagnir


1 Hversu mikil bót er þetta fyrir farþega í Kópavogi (Smiðjuhverfi og Kjarrhólmi t.d.)

Umsögn 1

Göngufjarlægð í Kjarrhólmi er um 500-700 metrar í tilvonandi stoppistöð en leið 4 (leið O í nýja leiðarkerfinu) er með stoppistöð 100-300 metrum frá Kjarrhólmi og stoppar svo tvisvar við Smiðjuveg og mun sú leið áfram þjónusta íbúa í Kópavogi og með tilkomu Fossvogsbúrúnar mun þessi leið (blá lína) vera hröð og góð tenging yfir í Reykjavík.



Leið H (tilvonandi) – brún lína. Hringur utan um Kjarrhólmi og Smiðjuhverfi.



Leið O (ný) – blá lína. Hringur utan um Kjarrhólmi og Smiðjuhverfi.



2. Breytingar í götunni við Fossvogsbrún og breytt fyrirkomulag bílastæða við botn götunnar.

Umsögn 2.1 - frá Birki Rútssyni, deildarstjóra gatnadeildar umhverfissviðs:

Við Fossvogsbrún 2A er staðsettur 7 íbúða íbúðarkjarni fyrir fatlaðra þar sem engin bílastæði eru innan lóðar. Heimilisfólk, starfsfólk og gestir þurfa að leggja bílum sínum á bæjarlandi við botnlanga Fossvogsbrúnar þar sem pláss er fyrir 8 bílastæði auk eins stæðis fyrir fatlaða. Samkvæmt tillögunni myndu tvö bílastæði leggjast af en hægt væri að útbúa nýtt bílastæði sunnan við núverandi bílastæði.



Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir hvaða bílastæði yrðu lögð af og möguleika á viðbótar bílastæði

Borið hefur á bílastæðahörgul við íbúðarkjarnann og beiðni um að stæðin við húsið verði merkt sem einkastæði hefur verið hafnað með þeim rökum að ekki er hægt að slá eignarétt á almenningsland. Ljóst er að með strætóleiðinni yrði þrengt enn frekar af möguleikum á bifreiðastöðum við íbúðarkjarnann fyrir gesti, starfsmenn og heimilisfólk.

Vetrarþjónusta.

Strætó gengur á öllum helstu stofnleiðum og eru stofnleiðir með hæsta forgang í vetrarþjónustu allan sólarhringinn frá október fram í maí ár hvert þegar þurfa þykir og mun Fossvogsbrún ekki verða undanþegin vetrarþjónustu ef strætó ekur þar um. Búast má við talsverðu ónæði vegna þessa fyrir íbúa við götuna. Þjónustan mun þvera fjölfarna hjólaleið og búast má við að snjóhryggir myndist þvert á leiðina.

Umsögn 2.2 - frá Þóru Ágústu Úlfsdóttur, forstöðumanni í Íbúðakjarnanum Fossvogsbrún

Sú breyting að opna á milli Stjörnugrófar og Fossvogsbrúnar myndi koma sér afar illa fyrir okkar starfsemi. Sérstaklega ef það hefði í för með sér að bílastæðum myndi fækka, sem eru nú þegar of fá. Ég hef óskað eftir því að stæði við íbúðarkjarnann verði skilgreind sem einkastæði því við lendum allt of oft í því að engin stæði séu til staðar fyrir íbúa hússins, starfsmenn og aðstandendur. Það koma reglulega þjónustubílar sem hafa engan stað til að leggja á, sérstaklega um eftirmiðdaginn og um helgar.

Auk þess er ég hrædd um að slysum gæti fjölgað ef það fer að verða þung umferð fyrir utan. Nokkrir af einstaklingunum sem búa í Fossvogsbrún eru lögblind eða huga ekki nægilega vel að umhverfi sínu áður en þau fara út á götu. Þetta hefur valdið slyshættu nú þegar, þó að gatan sé lokuð, því hjólaþólk og fólk á rafhlaupahjólum brunar oft ansi hrat framhjá án þess að huga að umhverfi sínu, enda hjólastígur beint fyrir framan innganginn að húsinu.



Ef þetta verður niðurstaðan, að opna á milli þessara gatna og setja strætó leið á milli, verður að fjölga bílastæðum og hafa þau þá sérmerkt íbúðakjarnanum til að tryggja íbúum laus stæði.

Ég væri ótrúlega þakklát ef þið gætuð lagt áherslu á þennan þátt í umsögn ykkar því það virðist alveg hafa gleymst að huga að bílastæðamálum við byggingu kjarnans. Í raun ótrúlega sérstakt að það séu engin skilgreind einkabílastæði við íbúðakjarna þar sem hreyfihamlaðir einstaklingar búa, heldur bara almenningsstæði sem hver sem er má leggja í.

Athugasemd frá íbúum við Fossvogsbrún 2-10 – sjá fylgiskjal 1.

Við íbúar við Fossvogsbrún 2, 2a, 4, 6, 8, 10 mótmælum eindregið umsókn Strætó Bs um opnun á milli Stjörnugrófar og Fossvogsbrúnar við Félagsíbúðir fatlaðra að Fossvogsbrún 2a.

4) Niðurstaða

Strætóleiðin keyrir að litlu leiti í Kópavogi og mun þessi leið hafa hverfandi þýðingu fyrir íbúa Kópavogs. Aftur á móti er þessi tenging mjög mikilvæg ef horft er til heildstæðs framtíðarskipulags almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu almennt og einnig þar sem líklegt er að stoppistöðvar fyrir leið H á Reykjanesbraut muni víkja.

Í minnisblaði Eflu dags. 17.04.23 hafa verið gerðar ráðstafanir til að auka umferðaröryggi í götunni með tilkomu strætóleiðar þar sem lagt er til að gangandi/hjólandi hafi forgang á strætó og að umferð yrði stýrt um hlið.

Ætla má að hávaði frá vetrarþjónustu og umferð muni aukast en aftur á móti er lagt til að vagnarnir stoppi við hliðið þar sem gangandi og hjólandi hafa forgang.

Breytt fyrirkomulag bílastæða hefur hverfandi áhrif þar sem hægt er að viðhalda stæðum við íbúðarkjarnann með því að færa stæðin tvö frá norðri til suðurs. Einnig myndi strætóleiðin geta þjónustað gesti og starfsfólk íbúðarkjarnans ásamt íbúum í götunni. Ekki yrði lengur hægt að leggja í götunni við Fossvogsbrún eins og virðist vera gert í dag.

Deiliskipulagsbreyting m.t.t. breytinga á bílastæðum myndi kalla á grenndarkynningu hjá íbúum við Fossvogsbrún sem hafa nú þegar mótmælt tillögunni. Því lítur skipulagsdeild neikvætt á erindið.



Keyfiandi 19.04. '23

Góðan dag.

v/ erindi nr 2109382

Við íbúar við Fossvogsbúrú 2,2A,4,6,8,10
mótmælum eindregið umsókn Strætó Bs um opnun á milli Stjörnugrófar og
Fossvogsbúrúar við Félagsíbúðir fatlaðra að Fossvogsbúrú 2A.

<https://www.kopavogur.is/is/stjornsysla/fundargerdir/skipulagsrad/3571?>

Með kveðju og undirskrift íbúa.

Halldór Vigfúsdóttir Fossvogsbúrú 4.
Stein Hestemir Oðlgeirss. — 11 —
Margrét S Halldóradóttir Fossvogsbúrú 6
Jón Önnur Reynisson Fossvogsbúrú 8
Þórunn Birna Lúthersdóttir Fossvogsbúrú 8
Förastjórn Fossvogsbúrúar
Sara Ólafsdóttir f.hönd Fossvogsbúrúar 2A